



Borgarráð

Jöfursbás 11 - Breyting á greiðsluskilmálum byggingarréttar

Óskað er eftir að borgarráð samþykki eftirfarandi breytingu á gjalddögum eftirstöðva byggingarréttar vegna lóðarinnar Jöfursbás 11 í Gufunesi.

2. Fyrir útgáfu lóðarhluta-/lóðarleigusamning vegna áfanga tvö greiðst 123.345.000 kr., þó eigi síðar en 15. nóvember 2020.
 3. Fyrir útgáfu lóðarhluta-/lóðarleigusamning vegna áfanga þrjú greiðast 69.133.500 kr., þó eigi síðar en 28. febrúar 2021.
 4. Fyrir útgáfu lóðarhluta-/lóðarleigusamning vegna áfanga fjögur greiðast 177.610.500 kr., þó eigi síðar en 31. ágúst 2021.
- Að öðru leyti haldast úthlutunarskilmálar óbreyttir.

Greinargerð

Á fundi borgarráðs þann 9. janúar 2020 fékk Þorpið – Vistfélag ehf., kt. 641018-0230, lóðinni Jöfursbás 11 í Gufunesi ásamt byggingarrétti úthlutað undir 130 hagkvæmar íbúðir.

Samkvæmt úthlutunarskilmálum átti gatnagerðargjald að greiðast 45 dögum eftir úthlutun, en byggingarréttur átti að greiðst í þrennu lagi í samræmi við áfanga skiptingu uppbyggingar lóðarinnar. Þorpið hefur þegar greitt gatnagerðargjald lóðarinnar og byggingarréttar fyrir fyrsta áfanga verkefnisins, alls 154.084.956 kr. í samræmi við úthlutunarskilmála. Eftirstöðvar byggingarréttarins áttu að greiðast með tveimur gjalddögum, annars vegnar 185.044.500 kr. eigi síðar en 31. desember nk. og hins vegar 185.044.500 kr. eigi síðar en þann 31. desember 2021.

Framkvæmdir við fyrsta áfanga hófust í maí og eru á áætlun. Allar íbúðir í fyrsta áfanga hafa verið seldar og er gert ráð fyrir að þær verði fokheldar í janúar nk. og verði afhentar kaupendum 1. júlí nk.

Vegna mikillar eftirspurnar eftir íbúðum í verkefninu hefur lóðarhafi hug á að flýta hluta áfanga þrjú þannig að hluti hans verði unninn samhliða áfanga tvö, en auk þess alla jarðvinnu á áföngum

sem eftir eru. Við þær breytingar verða áfangar uppbyggingarinnar nú fjórir í stað þriggja áður. Til að þær breytingar geti orðið að veruleika hefur lóðarhafi óskað eftir breytingum á áfanga skiptingu uppbyggingarinnar og samsvarandi breytingum á eftirstöðvum byggingarréttar þannig að eftirstöðvar greiðist í þrennu lagi fyrir útgáfu lóðarhluta-/lóðarleigusamnings fyrir viðkomandi áfanga.

Ívar Örn Ívarsson
teymisstjóri lögfræðiteymis skrifstofu borgarstjóra og borgarritara